

## Jafnréttisstefna Íþróttabandalags Akraness

Íþróttabandalag Akraness leggur áherslu á **jafnrétti kynjanna** hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið veitir öllum iðkendum möguleika á að stunda íþróttir **óháð kynferði, búsetu, þjóðerni, trú eða litarhætti**.

Iðkendur á Akranesi eiga jafnan rétt og möguleika til að stunda íþróttir með aðildarfélögum ÍA **óháð, kyni, fötlun, uppruna, trúarskoðun eða efnahag**.

Bæði kyn hafa **jafna möguleika** til að stunda allar íþróttagreinar sem aðildarfélög ÍA bjóða uppá.

Aðildarfélög ÍA **gera sömu hæfniskröfur** til þjálfara beggja kynja og greiða laun skv. menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálfá.

Aðildarfélög ÍA sjá til þess að aðstaða og **möguleikar beggja kynja til afreka sé jöfn** og hvetja bæði kyn jafnt til afreka.

Iðkendur, félagsmenn og starfsmenn aðildarfélaga ÍA **hafa ekki uppi orð eða athafnir** sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum.

Iðkendur og aðrir félagsmenn eru meðvitaðir um **menningarmun og hugsanlega vanþekkingu** innflytjenda á aðstæðum á Akranesi og leggja sig fram um að aðstoða alla við aðlögun að íþróttastarfi ÍA

Leitast er við að **kynjahlutföll séu sem jöfnust** í stjórnnum félaga og íþróttabandalags svo og öðrum trúnaðarstörfum innan aðildarfélaga ÍA

